

Innra mats skýrsla vor 2022

Oddeyrarskóli
Akureyrarbær

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Ytra mat	4
Starfsáætlun um innra mat	5
Niðurstöður innra mats skólaárið 2021-2022	5
Umbótaáætlun 2021	6
Innra mat vor 2021	6
Sýn og stefna skólans vor 2021	7
Sýn og stefna Oddeyrarskóla matsþættir skólaárið 2021-2022	8
Nám og kennsla matsþættir skólaárið 2021-2022	9
Umbótaáætlun skólaársins 2022-2023	10
Umbótaáætlun frá vori 2021, þættir sem fara í áframhaldi umbætur skólaárið 2022-2023	10
Sýn og stefna Oddeyrarskóla - Umbótaáætlun 2022-2023	11
Nám og kennsla - umbótaáætlun 2022-2023	14
Lokaorð	18

Inngangur

Þessi skýrsla fjallar um ytra og innra mat á skólastarfi Oddeyrarskóla. Megináhersla gæðateymis í innra mati á skólaárinu 2021-2022 er mat á völdum þáttum úr stefnu skólans, mat á námi og kennslu og að vinna að og meta þætti í umbótaáætlun í kjölfar vorskýrslu Oddeyrarskóla 2021.

Skólinn fór síðast í ytra mat haustið 2015 en það mat var framkvæmt af Menntamálaráðuneyti. Umbótum var að fullu lokið í júní 2020 utan skólalóðar en búið er að bæta setja upphitaðan körfuboltavöll á lóðina síðan þá og frekari framkvæmdir á leiksvæði yngri barna eru í framkvæmd sumarið 2022 og er fyrirhugað að endurnýjun skólalóðar verði að fullu lokið árið 2023. Með gerð þessarar skýrslu telst umbótum í kjölfar ytra mats lokið og við tekur kerfisbundið innra mat sem byggir á gæðakerfi skólans og reglubundnu mati á því. Skýrslu lýkur með umbótaáætlun.

- **Helstu matsþættir innra mats skólaárið 2021-2022.**
 - Innra mat (2020-2021)
 - Stjórnun (2022-2023)
 - Umbótaáætlun vor 2021
 - Sýn og stefna (alltaf valdir þættir á hverju ári)
 - Nám og kennsla (2021- 2022)

Umbótaáætlun vor 2021	Sýn og stefna Oddeyrarskóla matsþættir skólaárið 2021-2022	Nám og kennsla
<ul style="list-style-type: none">● Innra mat framkvæmd● Innra mat umbætur● SMT● Heilsueflandi grunnskóli● Líðan nemenda● Aðbúnaður og líðan starfsmanna	<ul style="list-style-type: none">● Jákvæður skólabragur● Áhugi● Metnaður● SMT● Heilsueflandi grunnskóli● Lífsleikni● Hreyfing● Líðan	<ul style="list-style-type: none">● Inntak og námskrá● Árangur● Gæði kennslu● Skipulag náms● Námsvitund● Ábyrgð og þátttaka

Við lok skólaársins 2022 er staðan þannig að búið er að endurskoða alla þætti *innra mats* skólans og setja gæðaviðmið um innra mat. Valdir þættir úr *sýn og stefnu skólans* eru metnir á hverju ári. Í *námi og kennslu* er miðað við matsviðmið Akureyrarbæjar um nám og kennslu og var farið yfir alla þætti svo matið er yfirgripsmikið. Í sumar og næsta skólaár verða sett gæðaviðmið um stjórnun og faglegra forystu en það er sá þáttur sem meta á skólaárið 2022-2023. Hér fyrir neðan má sjá hvernig gæðaráð, starfsfólk skólans, nemendur og aðrir hagsmunaaðilar lögðu mat stöðuna út frá gæðaviðmiðum skólans.

Áætlun Oddeyrarskóla til fjögurra ára er að finna á [heimasíðu skólans](#) en þar verður þessi skýrsla einnig birt.

Gæðateymi Oddeyrarskóla 2021-2022

Anna Bergrós Arnarsdóttir, Fjóra Kristín Helgadóttir, Margrét Th. Aðalgeirsdóttir, Sigrún Finnsdóttir og Halldór Arason.

Ytra mat

Menntamálastofnun gerði ytra mat á skólastarfi Oddeyrarskóla í október 2015. Ytra mat er mikilvægt tæki fyrir leik- og grunnskóla til að skólasamfélagið geti áttað sig á því hvar styrkleikar skólastarfsins liggja og hvert skal halda. [Skýrsluna má sjá hér](#). Ytra mats aðilar mátu stöðuna þá eins og hún birtist á meðfylgjandi mynd.

Stjórnun			Nám og kennsla			Innra mat	
Fagleg forysta	Stefnumótun og skipulag	Samskipti heimila og skóla	Nám og námsaðstæður	Þáttt. og ábyrgð nemenda	Námsaðlögun	Framkvæmd innra mats	Umbótastarf í kjölfar innra mats
Stjórnandinn sem leiðtogi	Starfs áætlun og skólanámskrá	Skólaráð, foreldrafélag	Inntak og árangur	Lýðræðisleg vinnubrögð	Nám við hæfi allra nemenda	Kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi	Opinbert
Stjórnun stofnunar	Skóladagur nemenda	Þáttt. foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag náms og námsumhverfi	Ábyrgð og þátttaka	Stuðningur við nám	Markmiðs bundið	Umbótamiðað
Faglegt samstarf	Verklagsreglur og áætlanir		Kennslu-hættir og gæði kennslu			Byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum	
Skólaþróun			Námshættir og námsvitund			Samstarfsm. og byggir á lýðræðis. vinnubr.	

RAUTT - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

GULT - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta

LJÓSGRÆNT - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi

GRÆNT - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Viðfangsefni umbóta í kjölfar ytra mats er að bæta stöðuna kerfisbundið. Markmið Oddeyrarskóla er að flestir eða allir þættir samræmist fyllilega lýsingum um gæðastarf. Í kjölfar ytra mats úttektar Menntamálastofnunar varð til [umbótaáætlun](#) sem starfsfólk Oddeyrarskóla hefur unnið eftir. Umbótum er nú lokið og innra mats skýrsla og umbætur í kjölfar innra mats hafa tekið við og unnið samkvæmt langtímaáætlun skólans um innra mat. Fjórði kafli þessarar skýrslu er ný umbótaáætlun sem tryggir framvegis stöðugar umbætur í Oddeyrarskóla.

Starfsáætlun um innra mat

Gæðaráð var sett á stofn haustið 2020 en í því voru skólastjóri, tveir deildarstjórar og tveir fulltrúar kennara. Þegar skammt var liðið á haustið þróuðust aðstæður þannig að fulltrúar kennara í gæðaráði hættu báðir af persónulegum ástæðum. Stjórnendur héldu áfram vinnunni og ákveðið var að bæta ekki starfsmönnum í gæðaráð það skólaár enda skólastarfið ekki með eðlilegum hætti vegna covid-19 faraldursins. Áætlað var að funda vikulega en af ýmsum orsökum tókst það ekki alltaf. Áhersla var sett á það í apríl og maí að auka tímana í tvo tíma á viku með það að markmiði að ljúka því sem áætlað var að gera. [Starfsáætlun gæðaráðs](#) fyrir skólaárið 2021-2022 má finna hér. Starfsáætlun var unnin að hausti 2021 og gekk vel að fylgja henni eftir á skólaárinu.

Meginmarkmið gæðaráðs þetta skólaár var að meta nám og kennslu skólans með tilliti til gæðaviðmiða Akureyrarbæjar en jafnframt skoða valin verkefni sem einkennandi eru fyrir skólastarfið í Oddeyrarskóla. Þá var rýnt í umbótaáætlun frá vori 2021 og hvernig tekist hefur til við að bæta þá þætti sem þar koma fram að þarfnist úrbóta.

Niðurstöður innra mats skólaárið 2021-2022

Í þessum kafla er rætt um niðurstöður innra mats en gert er ráð fyrir að niðurstöðurnar séu lagðar fram í fimm meginþáttunum þó þannig að ár hvert sé áhersla á einn þátt í innra mati til viðbótar völdum þáttum úr sýn og stefnu skólans ásamt mati á umbótaáætlun skólaársins.

Innra mat. Viðmið Akureyrarbæjar - [Innra mat](#) Vor 2021

Stjórnun og fagleg forysta, Viðmið Akureyrarbæjar - [Stjórnun og fagleg forysta - matslisti 4. útgáfa](#). Vor 2023

Nám og kennsla Viðmið Akureyrarbæjar - [Nám og kennsla](#)

Valdir þættir úr sýn og stefnu skólans - Viðmið skólans - sjá [Matsáætlun Oddeyrarskóla](#)

Umbótaáætlun vorið 2021 [af heimasíðu](#)

Í niðurstöðukafla er fjallað um helstu niðurstöður innra matsins út frá markmiðum skólans, það er að segja hvernig hefur gengið að ná þeim fram.

- Gögn: Niðurstöður mats - matslistar, rýnihópar, mat á kennslu, gátlistar.
 - Matið sjálf fer þannig fram að matsteymi og/eða önnur teymi fara yfir öll gögn, ræðir niðurstöður og ber saman viðmiðin.
 - **RAUTT** - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.
 - **GULT** - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta
 - **LJÓSGRÆNT** - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi
 - **GRÆNT** - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Umbótaáætlun 2021

Skv. umbótaáætlun vorið 2021 var áhersla á að vinna með og endurmeta framkvæmd og umbætur úr kaflanum um innra mat.

Niðurstaða - Skipulag innra mats er komið í góðan farveg en þarf að fylgja vel eftir frá ári til árs. Í töflunum hér neðar má sjá hvernig unnið var þætti úr vorskýrslu 2021 sem þörfnuðust umbóta.

Innra mat vor 2021	Umbætur 2021-2022
Skipulag	
Framkvæmd	Gæðaráð fullskipað, niðurstöður kannana nýttar, Fjölbreyttari gagnaöflunarleiðir, starfsáætlun gæðaráðs, spurningalistar til kennarar og ígrundun í vorskýrslu um nám og kennslu, reglulegt mat skv. hæfnikortum, stjórnendur fóru oftari í innlit í kennslu en árið áður, niðurstöður kannana s.s. skólapúls og æskulýðsrannsóknar birtar á heimasíðu.
Umbætur	Mat á umbótaáætlun 2021, Niðurstöður skólapúls kynntar í skólaráði, starfsmannafundum og birtar á heimasíðu, umræða í kennarahóp um umbætur vegna niðurstaðna úr skólapúlsi.

Niðurstaða - varðandi þætti úr sýn og stefnu skólans sem fóru í umbætur á skólaárinu eru þær að vinnan með SMT og líðan og vinnuaðstaða starfsmanna urðu betri á skólaárinu. Setja þarf meiri kraft í verkefnið heilsueflandi grunnskóli næsta skólaár og enn má gera betur varðandi líðan nemenda þó nokkuð hafi áunnist.

Sýn og stefna skólans vor 2021	Umbætur 2021-2022
SMT	Tímasetning reglukennslu skilgreind og tilgreindur ábyrgðaraðili til að fylgja eftir reglukennslu í hverju teymi, einkunnarorðum haldið á lofti og sett fram á tungumáli þeirra 17 þjóðerna sem tilheyra skólanum, 93% nemenda þekkja einkunnarorðin skv. könnun, samræmi er í dagbókarskráningum og þeim sem eru í efsta lagi forvarnarþríhyrnings og ný dagbók í mentor var tekin í notkun. Námskeið var um SMT fyrir alla starfsmenn á skólaárinu, fræðsla fyrir nýja starfsmenn og nýja nemendur. Könnun meðal starfsmanna á hvort einhverjar reglur væru erfiðari en aðrar í framkvæmd og eftirfylgni og þær sem helst voru nefndar voru settar inn sem reglur mánaðarins í ársáætlun SMT næsta skólaár þar sem unnið verður sérstaklega með þær.
Heilsueflandi grunnskóli	Ekki tókst að auka fræðslu um forvarnir meðal starfsmanna og nemenda og ekki var farið markvisst í mat á þeim listum sem fyrir lágu í umbótaáætlun. Þessi þáttur fer aftur í umbótaáætlun næsta skólaár.
Zankov	
Líðan nemenda	Stofnað var þverfaglegt lausnarteymi sem tók fyrir málefni er snerta líðan og hegðun, námsráðgjafi var með námskeið tengd eflingu sjálfsmyndar í ákveðnum árgangi, ART námskeið í reiðistjórnun og samskiptum í tveimur árgöngum, vikulegir bekkjarfundir fóru fram, formleg nemendasamtöl umsjónarkennara og allra nemenda fóru fram einu sinni til tvisvar á skólaárinu. Sjálfsálit lækkaði úr 3,6 í 3,4 milli ára, vellíðunarþáttur lækkaði úr 3,6 í 3,4 milli skólaára og eineltisþáttur jókst úr 6,4 í 6,8 milli skólaára. Þessir þættir fara í áframhaldandi umbætur næsta skólaár.
Líðan og	Lausnarteymi veitti aðstoð varðandi erfið nemendamál. Markviss teymisvinna kennarar og stuðningsfulltrúa skilaði góðum árangri.

vinnuaðstaða starfsmanna	Starfsþróunarsamtölum var fjölgað í fjögur og þau stytta og þar af var eitt starfsþróunarsamtal með teyðum, Starfsþróunarsamtöl, vorskýrslur og niðurstöður starfsmannakannana sýna að líðan og vinnuaðstaða hefur batnað til muna. Starfslýsingar voru ræddar og áætlun um móttöku nýrra starfsmanna betur fylgt eftir en áður. Ekki náðist að skapa vettvang til samstarfs starfshópa milli skóla sem fara í áframhaldandi umbætur.
--------------------------	---

Sýn og stefna Oddeyrarskóla matsþættir skólaárið 2021-2022

Sýn og stefna skólans matsþættir vor 2022	Helstu umbætur ef ekki dökkgrænt
Jákvæður skólabragur	Nemendaráð var virkara en áður, foreldrakönnun sýnir að minni ánægja 5,1 með nám og kennslu (viðmið 5,8) en ætlað var 75,6% foreldra telja hæfilegan aga í skólanum (viðmið 80%).
Áhugi	Ánægja af lestri (4,0 - minnkar um 0,3), áhugi á stærðfræði (3,7 - minnkar um 0,4), ánægja af náttúrufræði (3,6 - minnkar um 0,4) fer minnkandi meðal nemenda milli ára. Marktæk frávik miðað við landsmeðaltal í öllum þessum flokkum.
Metnaður	Markmið að þrautseigja í námi fari í 4,8 skv. skólapúlssi en niðurstaðan er 3,7
SMT	
Heilsueflandi grunnskóli	Kemur fram í mati á umbótaáætlun.
Líðan nemenda	Vellíðunarpáttur í skólapúlssi minnkaði úr 3,6 í 3,4, Einneltispáttur í skólapúlssi fór úr 6 í 6,8, sjálfsálit í skólapúlssi fór úr 3,6 í 3,4

Nám og kennsla matsþættir skólaárið 2021-2022

Nám og kennsla vor 2022	Helstu umbætur ef ekki dökkgrænt
Inntak og námskrá	Grunnþættir stýra vali á viðfangsefnum en tryggt er að jafnframt sé tekið á viðfangsefnum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Fram kemur í áætlunum hvernig unnið er að því að efla lykilhæfni allra nemenda.
Árangur	Kennarar rýna sameiginlega í niðurstöður námsmats og gera áætlun út frá þeim. Nemandinn er virkur þátttakandi í mati á eigin framförum, m.a. með leiðsagnarmati sem byggist á markmiðum og viðmiðum. Nemendur gera eigin námsáætlanir, í samvinnu við kennara og foreldra, með markmiðum um fjölbreytt og skapandi viðfangsefni. Nemendasamtöl um framgang námsins og líðan eru reglubundinn hluti af námsframvindunni.
Gæði kennslu	Nemendur taka þátt í ákvörðunum um viðfangsefni og skipulag í námi hópsins. Nemendur setja sér markmið um nám sitt og skipulag þess í samráði við kennara og foreldra, m.a. með hliðsjón af áhugasviði og námsstöðu. Nemendur þekkja eigin námsstíl og hafa val um margvíslegar leiðir að markmiðum sínum.
Skipulag náms	Grenndarsamfélag skólans er markvisst nýtt til náms og verkefni nemenda bera þess merki. Nemendur nýta upplýsinga- og samskiptatækni við að afla sér þekkingar og leikni og meta framfarir sínar.
Námsvitund	Nemendur sýna námi sínu áhuga og eru virkir í kennslustundum.
Ábyrgð og þátttaka	Samvinna og stuðningur ríkir innan nemendahópsins.

Heildarniðurstaða innra mats skólaárið 2021-2022

Sýn og stefna		Stjórnun og fagleg forysta metið 2022-2023		Nám og kennsla		Innra mat
Jákvæður skólabragur	Heilsueflandi grunnskóli	Faglegt samstarf og samræða	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Áhugi	Zankow	Samvirkni í stefnumótun - stefnumótun og skipulag	Starfsmanna- stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námssvitund	Framkvæmd
Metnaður	Líðan nemenda	Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
SMT	Líðan og aðbúnaður starfsmanna	Umbætur og innleiðingar breytinga				

Umbótaáætlun skólaársins 2022-2023

Á skólaárinu lagði gæðaráð mat á umbótaáætlun fyrra árs, valda þætti úr sýn og stefnu skólans og mat á námi og kennslu.

Umbótaáætlun frá vori 2021, þættir sem fara í áframhaldi umbætur skólaárið 2022-2023							
Ábyrgð og þátttaka	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig Metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Heilsueflandi grunnskóli	Halda betur á lofti þeim þáttum sem áhersla er á hverju sinni	Auka fræðslu og umræðu um forvarnir meðal starfsmanna og foreldra	Heilsueflingar nefnd	Sept 2022	Júní 2023	Matslistar frá landlæknisembætti - Lífsleikni	Heildarskor lista um lífsleikni ná að lágmarki 85% Heildarskor lista um hreyfingu nái að lágmarki 95%
Líðan nemenda	Líðan nemenda: Styrkja sjálfsálit nemenda sér í lagi stúlkna með það að markmiði að bæta líðan þeirra.	- Vikulegir bekkjarfundir, þar sem áhersla er á að þjálfa góð samskipti - Nemendaviðtöl a.m.k. tvisvar á ári í öllum árgöngum i aðdraganda foreldraviðtala - Markviss inn grip lausnateymi gagnvart	Umsjónarkennarar, lausnateymi	Ágúst 2022	Júní 2023	Niðurstöður Skólapúls Niðurstöður nemendasamtala	Sjálfsálit í Skólapúlsi fari úr 3,4 í 4,0 (landsmeðaltal 4,2) Vellíðunarþáttur í Skólapúlsi fari í úr 3,4 í 4,0 (landsmeðaltal 4,4) Eineltisþáttur í Skólapúlsi fer úr 6,8 í 6,0 (landsmeðaltal 5,6)

		einstaka nemendum þegar um mikla vanlíðan er að ræða. - Aukin áhersla á foreldrasamstarf - Nemendaping					
Aðbúnaður og líðan starfsmanna	Einangrun, þ.e. skortir samtal við einstaklinga í sömu starfsstétt	Festa í sessi fundi eða spjallþráð milli fagstétta innan skóla og eignast „vinaskóla“	Stjórnendur	Sept 2022	Júní 2023	Starfsmannakannanir Starfsþróunarsamtöl	Að skapaður sé vettvangur til samstarfs

Sýn og stefna Oddeyrarskóla - Umbótaáætlun 2022-2023							
Jákvæður skólabragur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig Metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
	Auka ánægju foreldra með nám og kennslu og agastjórnun í skólanum.	- Námskeið um bætt foreldrasamstarf fyrir kennara	Skólastjórnendur	Haust 2022	Vor 2024	Fundaráætlunum fylgt eftir skólaárið 2022-2023. Skólapúlsinn 2024.	Fulltrúar stjórnenda sitji tvo fundi með foreldrafélaginu á skólaárinu 2022-2023

		<ul style="list-style-type: none"> - Skólastjórnendur hitta stjórn foreldrafélagsins a.m.k. tvisvar á ári - Kaffispjall með stjórnendum í 2. og 5. bekk í nóvember og 7. og 9. bekk í mars. - Síðdegisopnun á bókasafni einu sinni á hvorri önn. 					<p>Kaffispjall foreldra og stjórnenda</p> <p>Seinni parts opnun á bókasafni lok nóv og fyrir páskafrí</p> <p>Foreldrakönnun Skólapúlsins sýni að með nám og kennslu er 6. Foreldrar (viðmið 80%) telja hæfilegan aga í skólanum skólaárið 2023-2024.</p>
Áhugi							
	Nemendur sýni aukna ánægju að lestri og meiri áhuga á stærðfræði og náttúrufræði.	<ul style="list-style-type: none"> - Nemendur á unglíngastigi lesa tvær bækur á önn sem þeir gera grein fyrir munnlega hjá bókasafnskennara. Kennarar lesa reglulega fyrir nemendur Munnleg umsögn nemenda um bók sett á QR kóða til að vekja áhuga annarra nemenda. 	Læsissteymi Kennarar	Haust 2022	Vor 2023	Nemendakönnun skólapúlsins 2022-2023	<p>Ánægja af lestri aukist, fari í 4,5</p> <p>Áhugi á stærðfræði fari í 4,5</p> <p>Áhugi á náttúrufræði 4,5</p> <p>Marktæk frávik miðað við landsmeðaltal í öllum þessum flokkum.</p>

		<ul style="list-style-type: none"> - Auka hlutbundna verkefnavinnu í stærðfræði, auka samræður í stærðfræði og verkefni sem byggja á raunverulegum viðfangsefnum. - Gera markmið í náttúrufræði sýnileg og verkefni sem byggja á raunverulegum viðfangsefnum. 					
Metnaður							
	Efla þarf þrautseigju meðal nemenda.	Aukið foreldrasamstarf, aukin ábyrgð á eigin námi, verkefni við hæfi og verkefni tengd áhuga.	Stjórnendur og kennarar	Haust 2022	Vor 2023	Niðurstöður úr skólapólisi	Markmið að þrautseigja í námi fari í 4,5 í skólapólisi.

Nám og kennsla - umbótaáætlun 2022-2023

Inntak og námskrá	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
1	Grunnpáttum menntunar eru gerð skil og stýra vali á viðfangsefnum. Tryggt er að jafnframt sé tekið á viðfangsefnum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.	Gera vinnu með grunnpætti menntunar markvissari þar sem læsi, sköpun og heilbrigði og velferð eru allt um lykjandi. Leggja áherslu á sjálfbærni í yngsta teyminu, jafnrétti í teymi 6. og 7. bekkjar og lýðræði og mannréttindi á unglíngastigi. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna til umfjöllunar alls staðar.	Gæðaráð, Kennarar	Vaust 2022	Vor 2023	Merkt við gátlista um barnasáttmálann þegar umfjöllun hefur farið fram. Kennsluáætlanir taka mið af grunnpáttum menntunar.	90% nemenda hafa tekið þátt í umfjöllun um barnasáttmálann. Allir kennarar sýna fram á tengsl grunnpátta við kennsluáætlanir.
2	Fram kemur í kennsluáætlunum hvernig unnið er að því að efla lykilhæfni allra nemenda.	Markmið um lykilhæfni koma fram í öllum kennsluáætlunum	Gæðaráð, kennarar	Haust 2022	Vor 2023	Lykilhæfni birtist í kennsluáætlunum	Allir kennarar sýna fram markmið í lykilhæfni

Árangur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
1	Kennarar rýna sameiginlega í niðurstöður námsmats og gera áætlun út frá þeim.	Teymi taki sameiginlegar ákvarðanir um nám út frá mati á frammistöðu. Stjórnendur ræða á teymisfundum.	Kennarar	Haust 2022	Vor 2023	Spurningalistakönnun Kennsluáætlun	Öll bekkjarteymi hafa skipulagt kennslu með hliðsjón af niðurstöðum námsmats einhvern tímann á skólaárinu.
2	Nemandinn er virkur þátttakandi í mati á eigin framförum, m.a. með leiðsagnarmati sem byggist á markmiðum og viðmiðum.	Lögð áhersla á leiðsagnarmat. Kennarar ræða markmið náms við nemendur - bæði nemendur og kennarar meta.	Kennarar og gæðaráð	Haust 2022	Vor 2023	Spurningalistakönnun Kennsluáætlun	Öll bekkjarteymi hafa útbúið verkefni þar sem nemandinn leggur mat á eigin framfarir.
3	Nemendur gera eigin námsáætlanir, í samvinnu við kennara, með markmiðum um fjölbreytt og skapandi viðfangsefni.	Nemendur fá stuðning og leiðsögn við að skipuleggja eigið nám.	Kennarar	Haust 2022	Vor 2023	Spurningalistakönnun Dæmi um námsáætlanir frá nemendum.	Nemendur hafa með stuðningi skipulagt nokkur verkefni

4	Nemendasamtöl um framgang námsins og líðan eru reglubundinn hluti af námsframvindunni.	Nemendaviðtöl a.m.k. tvisvar á ári í öllum árgöngum í aðdraganda foreldraviðtala	Kennarar	Haust 2022	Vor 2023	Spurningalistakönnun	Kennari og nemandi ræða saman um framgang náms a.m.k. tvisvar á ári
Gæði kennslu	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
1	Nemendur taka þátt í ákvörðunum um viðfangsefni og skipulag í námi hópsins.	-Seinkun á skóladegi í desember á unglíngastigi. -Nemendur á hverju stigi/teymi undirbúa jóladag 8. desember - Samræða við nemendur um skipulag skólstarfs	Stjórnendur	Nóv	Vor 2023	-SVÓT greining á desembertilraun bæði meðal nemenda og kennara - SVÓT greining á jóladegi bæði meðal nemenda og kennara - Nemendaþing í okt	Tilraun um þátttöku nemenda gekk eftir
2	Nemendur setja sér markmið um nám sitt og skipulag þess í samráði við kennara og foreldra, m.a. með hliðsjón af áhugasviði og námsstöðu.	- Nemendasamtöl umsjónarkennara þar sem nemendur setja sér markmið með leiðsögn frá umsjónarkennara - Nemendastýrð foreldrasamtöl í febrúar þar sem m.a. markmið nemenda eru rædd	Stjórnendur kennarar	Okt	Vor 2023	Könnun meðal kennara	A.m.k. tvö formleg samtöl nemenda og umsjónarkennara á skólaári Markmiðssetning nemenda gekk eftir Nemendastýrð foreldrasamtöl voru framkvæmd
3	Nemendur þekkja eigin námsstíl og	Nemendasamtöl Aukið val um námsleiðir	Gæðaráð Kennarar	okt 2022	Vor 2023	Spurningakönnun til nemenda	Rætt um námsleiðir í nemendasamtölum

	hafa val um margvíslegar leiðir að markmiðum sínum.						Aukið val um námsleiðir
Skipulag náms	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
1	Grenndarsamfélag skólans er markvisst nýtt til náms og verkefni nemenda bera þess merki.	Kennarar skipuleggja verkefni þar sem grenndarsamfélagið er nýtt, t.d gönguferð, tengsl við fyrirtæki	Gæðaráð Kennarar	Haust 2022	Vor 2023	Spurningakönnun til kennara og nemenda	Nærumhverfi nýtt a.m.k. tvisvar á skólaári í öllum teyrum
2	Nemendur nýta upplýsinga- og samskiptatækni við að afla sér þekkingar og leikni og meta framfarir sínar.	Fræðsla frá UT teymi til yngra stigs og list- og verk,	Gæðaráð, UT teymi	Haust 2022	Vor 2023	Spurningakönnun til kennara	Allir nemendur hafa nýtt sér upplýsingatækni til gagnaöflunar og nýtt til sjálfsmats.
Námssvitund	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
1	Nemendur sýna námi sínu áhuga og eru virkir í kennslustundum.	- Aukin áhersla á verkefni tengd áhugasviði. - Finna persónu- bundnar leiðir með nemendum til að nýta tíma sinn vel	Kennarar	Haust 2022	Vor 2023	Nemendasamtöl Rýnihópar kennara	Meiri virkni nemenda í kennslustundum að mati kennara.
Ábyrgð og þátttaka	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur

1	Samvinna og stuðningur ríkir innan nemendahópsins.	Aukin foreldraskipti, nemendasamtöl, bekkjarfundir Deildarstjórar ræða í teyllum	Stjórnendur, kennarar,	Haust 2022	Vor 2023	Tengslakannanir Skólapúlsinn	Jákvæðar niðurstöður úr tengslakönnunum með tilliti til samskipta. Skólapúls, samsömun við nemendahóp nálgast landsviðmið (munar nú 1,3)
---	--	--	------------------------	------------	----------	------------------------------	--

Lokaorð

Umbótaskýrsla verður leiðarljós í innra mati skólaársins 2022-2023 ásamt þættinum stjórnun og fagleg forysta. Þessa stundina fer fram vinna við að undirbúa þann matsþátt og búa til tímaáætlun, leiðir og viðmið í mati á stjórnun og faglegri forystu.

Vinna gæðaráðs í Oddeyrarskóla gekk vel. Í gæðaráði voru auk stjórnenda fulltrúar kennara af yngra og eldra stigi. Haldnir voru fundir vikulega og var starfsáætlun gæðaráðs fyrir skólaárið leiðarstef þeirra funda. Gæðaráð fékk utanaðkomandi stuðning gegnum Ásgarð sem gagnaðist vel.

Verklag við innra mat hefur tekið nokkrum breytingum síðustu skólaár með tilkomu gæðarás í skólanum eins og öllum grunnskólum Akureyrar. Nokkurn tíma tók að móta umgjörð innra matsins og hvaða leiðir og þætti í mati ættu að ráða ríkjum. Eldri vorskýrslur, eða innra mats skýrslur skólans, hafa allt annað yfirbragð en þessi þar sem ákveðið var að stilla innra matinu upp í samræmi við gæðaviðmið Akureyrarbæjar um mat á skólastarfi.

Skýrsluna ritiðu fyrir hönd gæðaaráðs 21. júní 2022:

Anna Bergrós Arnarsdóttir

Fjóla Kristín Helgadóttir

Margrét Aðalgeirsdóttir